

16. fundur 28. nóvember.

Allir aðalmenn mættu.

1. Fjárhagsáætlun 2011, fyrri umræða.
Farið yfir fjárhagsáætlun og ákveðið að fara ofaní ýmsa þætti fyrir síðari umræðu.
2. Ákvörðun um útsvarsprósentu 2011.
Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta árið 2011 verði 13,28 %, en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir. Þá verður álagningarhlutfallið 14,48 % á árinu 2011.
3. Laun oddvita, sveitarstjórnarmanna, kjörstjórnarmanna og annarra nefndarmanna.
Laun oddvita verða 140.000 kr. á mánuði en annarra verða óbreytt.
4. Fundargerð fundar fræðslu- og skólanefndar frá 24. nóv. 2010 lögð fram.
5. Hitaveitumál. Farið yfir stöðu mála ef verður borað að Eiðhúsum.
6. Styrkbeiðni frá Björgunarsveitinni Elliða. Sveitarstjórn tekur jákvætt í verkefnið.
7. Fjarskiptamál. Minnt á hversu lélegt netsamband er í héraðinu og hversu brýnt er að það verði lagað.